

Eignatrygging lausafjár

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 200 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almenum skilmálum](#) og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Eignatrygging lausafjár er samsett trygging sem tryggir lausafé í atvinnurekstri, s.s. vélar, áhöld og tæki, fyrir helstu tjónum. Hún samanstendur af brunatryggingu auk vatnstjóns- og fokstryggingar sem og innbrotstryggingar, sem eru valkvæðar.



Hvað er tryggt?

Brunatrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Bruna, eldingar eða sprengingar.
- ✓ Skemmda af völdum loftfars eða hluta sem falla úr loftfari.
- ✓ Tjóns sem stafar af slökkvistarfi.

Vatnstjóns- og foktrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Skyndilegs og óvænts vatnsrennslis úr vatns-, hita- og skólplögnum.
- ✓ Skemmda af völdum jarðvegsvatns sem flæðir inn af völdum skýfalls- og asahláku.
- ✓ Skemmda af völdum olíu eða kælivökva sem streymir skyndilega og óvænt úr olíugeymi eða kælikerfi.
- ✓ Foktjóns af völdum óveðurs.

Innbrotstrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Þjófnaðar og skemmda á lausafé í kjölfar innbrots.
- ✓ Þjófnaðar eða skemmda þegar munir eru teknir við rán eða ránstílaun.



Hvað er ekki tryggt?

Brunatrygging bætir ekki:

- × Tjón ef hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar.
- × Tjón sá hlutum sem falla undir lögboðna brunatryggingu húseignar.
- × Rekstrartap eða annað óbeint tjón.

Vatnstjóns- og foktrygging greiðir bætur vegna:

- × Tjóns sem orsakast af langvarandi raka, leka og smiti.
- × Skemmda af völdum vatns frá svölum eða þakrennum.
- × Tjóns á vörum sem geymdar eru í kjallara nema að þær hvíli á a.m.k. 10 cm. háum undirstöðum sem drekka ekki í sig raka.
- × Foktjón sem verður ef vindhraði er undir 28,5 metrum á sekúndu.

Innbrotstrygging bætir ekki:

- × Tjón á lausafé sem geymt er utandyra.
- × Tjón á gleri fasteignar eða póstkössum.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir á tryggingunni?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón af völdum náttúruhamfara eða tjóns sem orsakast af stríði, hryðjuverkum, mengun eða álíka atburðum.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. um að dyr, gluggar og önnur op inn á váttryggingarstað séu tryggilega læst og lykklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.